



Fornleifaskráning vegna skógræktar í landi Miðfjarðarnessels, Langanesbyggð

Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga

Rannsóknarskýrslur 2025/7

Forsíðumynd: Horft yfir heimatún og bæjarstæði Miðfjarðarnessels. Gamli bærinn stóð þar sem er rótað svæði hægra megin fyrir miðri mynd, handan bæjarlækjar. Húsið sem sést á myndinni er veiðihús, byggt 1987. Horft til suðvesturs.

© Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga.

ISBN: 978-9935-9864-1-2

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Tilgangur fornleifaskráningar	5
Aðferðafræði	5
Miðfjarðarnessel – ágríp af sögu.....	7
Fornleifaskráning	9
Minjar án hnita	33
Samantekt.....	35
Hættumat.....	36
Heimildaskrá	38

Inngangur


Að beiðni 6-Rivers Iceland var gerð heildarskráning fornleifa í landi Miðfjarðarnessels í Miðfirði. Vegna áformaðrar skógræktar í landi jarðarinnar sumarið 2025 fór vettvangsvinnan fram í tvennu lagi. Afmarkaður skógræktarreitur í landi jarðarinnar var skráður 30. apríl og kom út sérstök áfangaskýrsla um þá vinnu.¹ Restin af jörðinni var svo skráð 29-30 júní 2025. Í þessari skýrslu má finna allar minjar sem skráðar voru í landi Miðfjarðarnessels. Allar minjar, nema þær sem skráðar voru í fyrri ferðinni, eru metnar í hættu vegna skógræktar

Skráning og skýrslugerð voru í höndum Bryndísar Zoëga, landfræðings og Guðnýjar Zoëga, fornleifafræðings.

Tengiliður við verkkaupa: Kári Lefever, 6 Rivers Iceland

Heimildamaður: Jóhann Karl Árnason

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 3465



¹ Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga (2025). *Fornleifaskráning vegna skógræktar í Miðfirði, Langalesbyggð*. Rannsóknarskýrslur 2025/3.

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.² **Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“**

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. **Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsóknar er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.** [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsétt.

Aðferðafræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loft- og/eða drónamyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.


Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers (3465) sem Minjastofnun Íslands úthlutar auk hlaupandi númers. Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. hífýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa,

² Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

s.s. jarðræktar eða landrofs. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is.

Minjar eru mældar með gnss tæki sem gefur undir metra í skekkju. Afstöðumynd af legu minja er að finna aftast í skýrslunni. Auk þess er tafla í viðauka við skýrsluna með helstu upplýsingum um einstakar minjar: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaðan aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minja, þar sem hún er þekkt, gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93). Loftmyndir eru fengnar hjá Loftmyndum ehf skv. samningi þar um.



Mynd 1. Yfirlitsmynd sem sýnir útmörk svæðisins sem skráð var (hvit brotalína) og dreifingu minja innan þess (rauðir punktar og gular línur).

Miðfjarðarnessel – ágríp af sögu

Miðfjarðarnessel er inn af Miðfirði norðanverðum. Bærinn stóð upp undir Selhálsi utan til, norðan Miðfjarðarár, og var mestallt túnið milli ár og bæjar. Jörðin var upphaflega hjáleiga frá Miðfjarðarnesi og byggðist fyrst árið 1818.³ Í jarðatali frá 1847 er Miðfjarðarnes metið 8 hundruð en dýrleiki hjáleigunnar Miðfjarðarnessels ekki gefinn upp. Neðanmáls er þess þó getið að sýslumaður segi tvö hundruð af dýrleikanum á hjáleigunni og hið sama segir í sóknarlýsingu frá 1840.⁴ Af manntölum má sjá að jörðin var ýmist einbýl eða tvíbýl.⁵ Hún fór í eyði í lok 9. áratugs 20. aldar (Munnl. heimild: Jóhann Karl Árnason, 13.05.2025).

Í fasteignamati 1916-1918 er túnið sagt um 160 arar að flatarmáli. Það var í góðri rækt en snöggkent og helmingur þess slétt. Meðal töðufall var 45 hestar. Matjurtagarðar voru 140m². Engjar voru dreifðar um bithaga og sumar þeirra langsóttar en þær voru grasgefnar, greiðfærar og þurrlendir. Meðal heyaflí var 200 hestar og heyið talið létt en hollt. Engjavegur var vondur. Sumarhagar voru góðir fyrir allan búpening og vetrararbeit góð fyrir sauðfénað. Landið þótti

³ Sveitir og jarðir í Múlapingi, I. bindi, bls. 25; Finnur N. Karlsson ofl. 2000, bls. 33.

⁴ J. Johnsen, 1847, bls. 350; Finnur N. Karlsson ofl., 2000, bls. 30.

⁵ Þjóðskjalasafn Íslands. Manntöl. <https://manntal.is/>.


skjólgott og stutt var til beitar en það var bæði þröngt og snjópungt. Fjörubeit var lítilsháttar og fjárgeymsla hæg. Vatnsból var ágætt og innangengt í það.⁶ Hlunnindi voru af æðarvarpi og lax- og silungsveiði bæði í Miðfjarðará og Kverká. Mótekja var sæmileg og trjáreki einhver.⁷ Ókostir voru nefndir skortur á torfristu og öðrum byggingarefnum auk hætta fyrir fénað í dýjum og grafarlækjum.⁸

⁶ Miðfjarðarnessel, Skeggjastaðahreppur. Múlasýsla, norður – Undirmat II, fasteignamat (1916-1918). Nr. 205, bls. 26.

⁷ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, I. bindi, bls. 25. Miðfjarðarnessel, Skeggjastaðahreppur. Múlasýsla, norður – Undirmat II, fasteignamat (1916-1918). Nr. 205, bls. 26.

⁸ Miðfjarðarnessel, Skeggjastaðahreppur. Múlasýsla, norður – Undirmat II, fasteignamat (1916-1918). Nr. 205, bls. 26.

Fornleifaskráning



Mynd 2. Yfirlitsmynd af minjum í og við bæjarstæðið í Miðfjarðarnesseli.

Miðfjarðarnessel 3465-001

Hlutverk: Híbýli

Tegund: Heimild

Staðhættir

Gamli bærinn stóð á vesturbakka bæjarlækjarins, 80m upp frá vegi inn dalinn og 150m norðnorðvestur af núverandi bústað. Sléttað hefur verið úr bæjarstæðinu og einu ummerkin er rör sem enn stendur upp úr jörðinni.

Aðrar upplýsingar

Í búskaparannál í Sveitum og jörðum (1. bindi, bls. 25), segir um gamla bæinn: „Eldri hús: Torfbær til '30. Baðstofa baka til, portbyggð, þiljuð uppi, tvíksipt, 4,33x3,77 m, skarsúð. Niðri eldhús, þil á efri hluta veggja. Framhús með stofu og lofti. Löng göng, dyr í sa. Timburhús byggt '30 með torfveggi á þrjá vegu, þil að jörðu mót sa. Þar útidyr. Stofuhæð og loft, þiljað og málað. 2 herb. og eldhús á hvorri hæð. Steyptur reyk háfur.“

Miðfjarðarnessel 3465-002

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Heimild

Staðhættir og lýsing

Á loftmynd frá 1945 og 1960 eru hús, að líkindum fjárhús eða önnur útihús í túni, tæplega 80m suðsuðaustur af gamla bænum. Þessi hús eru horfin og þarna er nú sléttað tún. Hnit voru tekin eftir uppréttri loftmynd og má gera ráð fyrir einhverri skekkju.

Aðrar upplýsingar

Í Sveitum og jörðum (myndatekta bls. 25) segir: „Útihús úr torfi með járnþökum. Hlaða 408³ með súgþurrkun, fjárhús f. 309 (veggir raftar og hlaðið sniddu utan á). Þriggja bása fjós. Þessi hús eru sambyggð.“ Sjá má útihúsin óglögg á loftmynd frá 1945⁹ en á loftmynd frá 1960¹⁰ sést að enn eru þök á húsunum og þau líklega í notkun þá.

Miðfjarðarnessel 3465-003

Hlutverk: Vatnsveita

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Frá bæjarlæknum liggur mjór skurður í átt að gamla bæjarstæðinu.

Lýsing

Skurðurinn er 16m langur, 10-40cm djúpur og mest 40cm breiður.

Aðrar upplýsingar

Óvíst er hvort skurðurinn er gamall en mögulega hefur verið leitt vatn þarna að gamla bænum.

Aðrar upplýsingar

Í búskaparannál Sveita og jarða [bls. 25] segir að innangengt hafi verið í gott vatnsból.



Mynd 3. Til hægri, austan undir brekkunni er skurður [3465-009] sem liggur heim að bæjarstæðinu. Horft til suðausturs.

Miðfjarðarnessel 3465-004

Hlutverk: Framræsla

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Tveir skurðir, mögulega handgrafnir, eru norðanvert í gamla túninu, sunnan bæjarlækjar.

Lýsing

Skurðirnir liggja samsíða og er austari skurðurinn 25m langur en vestari skurðurinn 13m. Þeir enda báðir við yngri skurð sem liggur frá vestnorðvestri til austsuðausturs og endar niður við á. Vestari skurðurinn er 50cm breiður, 10-40cm djúpur. Austari skurðurinn er 40cm breiður, 30-40cm djúpur



Mynd 4. Skurðir [3465-004]. Horft til suðurs.

⁹ Loftmynd (AMS37-1_023) er fengin af heimasíðu Náttúrufræðistofnunar www.natt.is

¹⁰ Loftmynd (DMA30-04723) er fengin af heimasíðu Náttúrufræðistofnunar www.natt.is

Miðfjarðarnessel 3465-005

Hlutverk: Brú

Tegund: Tréverk

Staðhættir

Á bæjarlæknum, neðan við gamla bæjarstaðið eru leifar brúar.

Lýsing

Brúin er smíðuð úr rekavið og er rúmlega metri á breidd. Hún er ónýtt en leifar hennar liggja á suðurbakka bæjarlækjarins.



Mynd 5. Brú [3465-005]



Mynd 6. Tóft [3465-006]. Horft til norðvesturs.

Miðfjarðarnessel 3465-006

Sérheiti: Eiríksstaðir

Hlutverk: Útihús, híbýli?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í túni, fast norðan bæjarlækjar er tóft.

Lýsing

Tóftin snýr nokkurn veginn norður-suður og er 10x6m að utanmáli. Veggir eru þýfðir, 30cm háir að innan en 60cm að utan, þeir eru tæpur metri á breidd. Tóftin virðist tvískipt en tóftin þýfð og erfitt að greina veggjalög nákvæmlega.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Miðfjarðarnessels (bls. 22) er getið um Eiríksstaði í túni utan við bæjarlækinn. Þetta er eina tóftin í túninu en hlutverk er óljóst og ekki er getið um það í örnefnaskránni. Mögulega hefur verið þarna útihús kennt við einhvern Eirík en einnig er hugsanlegt að þarna hafi verið búseta um einhvern tíma. Í sóknarmanntölum Skeggjastaðasóknar er Eiríkur Stefánsson vinnumaður skráður til heimilis í Miðfjarðarnesseli árin 1865 og 1872 og má vera að húsin séu kennd við hann (Þjóðskjalasafn Íslands, Sóknarmanntöl 1865 og 1872).

Miðfjarðarnessel 3465-007

Hlutverk: Mylla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tvær myllutóftir eru upp með bæjarlæknum á Miðfjarðarnesseli. Vestari myllutóftin er á syðri lækjarbakkanum.


Lýsing

Tóftin snýr vestnorðvestur-austsuðaustur og er 5x4,5m að utanmáli. Veggir eru metri á breidd og 50-80cm háir að innan en 30-50cm að utan. Þeir eru algrónir grasi, mosa og blómgróðri. Vatn



Mynd 7. Myllutóft [3465-007]. Horft til norðvesturs..

hefur verið leitt frá bæjarlæknum með niðurgrafinni rás til austurs, í gegnum tóftina og síðan aftur út í lækinn austan tóftar.



Mynd 8. Til vinstri er teikning af myllutóftum [3465-007 og 008] og minjum í nágrenni þeirra. Til hægri er myllutóft [3465-008] og neðan hennar er handgrafinn vatnsfarvegur. Horft til vesturs.

Miðfjarðarnessel 3465-008

Hlutverk: Mylla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tvær myllutóftir eru upp með bæjarlæknum á Miðfjarðarnesseli. Vestari myllutóftin [3465-008 og 009] er á bakkanum vestan lækjar en austari tóftin á austur bakkanum og eru 20m á milli þeirra.

Lýsing

Tóftin snýr vestnorðvestur-austsuðaustur og er 4,5x4m að utanmáli. Hún er algróin grasi, lyngi og blómgróðri. Veggir eru 30-60cm háir og 100cm á breidd. Vatni hefur verið leitt eftir vatnsrás frá bæjarlæknum og til suðausturs að tóftinni. Það hefur svo runnið frá myllunni til suðausturs en þar er vatnsfarvegur sem er 50cm lægri en tóftin og liggur í boga til suðurs og að læknum. Smá skurður er meðfram tóftinni að norðan. Hann er 10-30cm djúpur og 30cm breiður.

Aðrar upplýsingar

Norðan við myllutóftina er 10-15cm djúpur niðurgröftur, þar sem líklega hefur verið tekið torf og þá væntanlega í myllutóftina, jafnvel báðar myllurnar.

Miðfjarðarnessel 3465-009

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Tvær myllutóftir [3465-007 og 08] eru upp með bæjarlæknum á Miðfjarðarnesseli. Á milli þeirra, á austurbakka bæjarlækjar er niðurgröftur.

Lýsing

Niðurgröfturinn er 3,5x1,5m að utanmáli og liggur norðaustur-suðvestur. Hann er 10-15cm



Mynd 9. Niðurgröftur [3465-009]. Horft til suðvesturs.

djúpur. Það er mögulega um 10cm útbrún í kringum hann en það er þó óljóst.


Miðfjarðarnessel 3465-048

Hlutverk: Torftökustaður

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Norðan myllutóftar [3465-008] er 70m² niðurgrafið svæði, rétt um 10cm djúpt, sem gæti verið torftökusvæði.



Mynd 10. Til vinstri er teikning af tóft [3465-010] og til hægri er mynd af sömu tóft. Horft til austurs.

Miðfjarðarnessel-010

Hlutverk: Óþekkt, súrheysgryfja

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á brekkubrún, 40m norðvestur af bæjarstæðinu og 6m vestur af bæjarlæknum er lítil tóft.

Lýsing

Tóftin er um 4,5x4,5m að utanmáli. Hún er niðurgrafin og eru veggir að utan 20-40cm háir en tóftin er 110-130cm djúp að innan. Niðurgrafin rás er til suðurs frá tóftinni og eru um 70cm frá botni tóftar að henni. Veggir eru að minnsta kosti að hluta hlaðnir úr grjóti en tóftin er algróin grasi.

Aðrar upplýsingar

Tóftin minnir helst á súrheysgryfju.

Miðfjarðarnessel 3465-011

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Í aflíðandi brekku 10m norðan bæjarlækjar og 30m norðan gamla bæjarstæðisins í Miðfjarðarnesseli eru mógrafir.

Lýsing

Mógrafirnar eru vel greinilegar, 50-80cm djúpar og rúmlega 1300m² að stærð.



Mynd 11. Mógrafir [3465-011]. Horft til norðausturs.

Aðrar upplýsingar

Í búskaparannál Sveita og jarða [1. bindi, bls. 25] kemur fram að fram til ársins 1940 hafi tað og svörður verið notaður sem eldsneyti en eftir 1940, kol með sverði og koks.

Miðfjarðarnessel 3465-012

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

130m norðan gamla bæjarstæðisins, norður af mógröfum [3465-011] er melur og annar stærri norðaustan hans. Í smá gildragi á milli þessara mela eru mógrafir.

Lýsing

Mógrafirnar eru vel greinilegar, 30-60cm djúpar og um 230m² að stærð.

Aðrar upplýsingar

Í búskaparannál Sveita og jarða [bls. 25] kemur fram að fram til ársins 1940 hafi tað og svörður verið notaður sem eldsneyti en eftir 1940, kol með sverði, koks.



Mynd 12. Mógrafir [3465-012]. Horft til norðausturs.

Miðfjarðarnessel 3465-013

Hlutverk: Mógeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir


120m norðan gamla bæjarstæðisins, norðan mógrafa [3465-011] er gróinn melur og yst á honum er mótóft sem tilheyrir mógröfum [3465-012].

Lýsing

Mótóftin er algróin grasi, mosa og blómgróðri. Hún snýr norðaustur-suðvestur og er 4x3m að utanmáli og regluleg að lögun. Veggir eru 20-30cm háir og 40cm breiðir.



Mynd 13. Mótóft [3465-013]. Horft til norðausturs. Í baksýn sést í mógrafir [3465-012].



Mynd 14. Til vinstri er teikning af tóft [3465-014] og til hægri er mynd af sömu tóft. Horft til austurs.



Miðfjarðarnessel 3465-014

Hlutverk: Útihús

Tegund: Tóft

Staðhættir

Um 150m norðaustur af gamla bæjarstæðinu í Miðfjarðarnesseli er melur og á sléttum en blautum bala sunnan undir honum er tóft.

Lýsing

Tóftin er 8,5x4,5m að utanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir eru 20-70cm háir og um metri á breidd. Þeir eru grónir grasi og blómgróðri en víða eru rof þar sem sér í mold.

Aðrar upplýsingar

Tóftin stendur í mýri og ofan við hana eru tveir skurðir sem líklega eru til þess að veita vatni frá tóftinni. Vatn var í gólfi tóftar.

Miðfjarðarnessel 3465-015

Hlutverk: Framræsla

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Um 150m norðaustur af gamla bæjarstæðinu í Miðfjarðarnesseli er melur og á sléttum en blautum bala sunnan undir honum er tóft og ofan við hana eru tveir handgrafnir skurðir.

Lýsing


Skurðirnir eru um 30-40cm breiðir og mest 30cm djúpir og hafa verið grafnir til þess að veita vatni frá útihúsum sem þarna voru. Ytri skurðurinn er 25m langur en innri skurðurinn rétt tæpir 20m.




Mynd 15. Skurður [3465-015], horft til suðurs, heim að Miðfjarðarnesseli.



Mynd 16. Tóft [3465-016], horft í suðaustur.





Mynd 17. Yfirlitsmynd af minjum í og við tún í Miðfjarðarnesseli.

Miðfjarðarnessel 3465-016

Tegund: Tóft

Hlutverk: Óþekkt

Staðhættir

Um 30m beint suður af húsinu sem nú stendur í Miðfjarðarnesseli, fast austan vegar er tóft.

Lýsing

Tóftin er um 5x5m að utanmáli. Veggir standa ágætlega en eru hrundir og norðvestur hlið hefur skemmst þar sem vegurinn hefur verið lagður upp að norðvestur vegg. Veggir eru 30-60cm háir og um 70cm á breidd. Dyr hafa verið á suðaustur hlið.

Aðrar upplýsingar

Hlutverk mannvirkisins er óþekkt en á loftmynd má sjá að þak hefur enn verið á því 1960.

Miðfjarðarnessel 3465-017

Hlutverk: Fjárhús, hlaða

Tegund: Þúst

Staðhættir

Tóftir fjárhúsa og hlöðu eru í túni 200m neðan við þar sem gamli bærinn stóð og 20m norður af Miðfjarðará.



Mynd 18. Tóftir fjárhúsa og hlöðu [3465-017] sem stóðu neðst í túni skammt ofan Miðfjarðarár.

Lýsing

Húsin hafa verið sléttuð í tún og því erfitt að greina nákvæmlega þykkt og veggjaskipan, en lögun húsanna er þó enn greinanleg. Húsin snúa NA-SV og er heildarlengd 30m og mesta breidd 15m. Nyrst eru fjárhústóft með garða, alls 15m að lengd og 4m að innanmáli. Aftan við og þvert á fjárhústóftina er hlöðutóft sem mögulega hefur verið tvískipt, hún hefur verið um 10x4m að innanmáli og innangengt úr henni í fjárhúsin. Áföst, sunnan hennar er önnur smærri fjárhústóft um 7x4m að innanmáli. Óvíst hvort innnangengt hefur verið þar á milli. Það fjárhús hefur einnig verið með garða. Tóft liggur samsíða norðurhlið stærri fjárhústóftarinnar, um 7x3m að innanmáli. Dyr virðast hafa vitað í norðaustur. Óleggri kofatóft er áföst norðvestan þessarar tóftar 3,5x3m að innanmáli. Engar dyr eru sýnilegar á kofatóftinni.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Miðfjarðarnessels (bls. 1) segir: „[...] í ánni neðan við túnið, Húsahylur beint neðan bæjar, þarf var fjárhús á bakkanum [...]“ Í myndatexta í Sveitum og jörðum (1. bindi, bls. 25) segir: „Útihús úr torfi með járnþökum. Hlaða 408³ með súgþurrkun, fjárhús f. 309 (veggir raftar og hlaðið sniddu utan á). Þriggja bása fjós,. Þessi hús eru sambyggð.“ Sjá má útihúsin óglögg á loftmynd frá 1945¹¹ en á loftmynd frá 1960¹² eru enn þök á húsunum. Líklegra er að lýsingin eigi við önnur útihús [3465-002] ofar í túni sem einnig má sjá á loftmyndinni frá 1960 en eru nú horfin.

Miðfjarðarnessel 3465-018

Hlutverk: Leið


Tegund: Vegur

Staðhættir

Um 300m af gömlu heimreiðinni að Miðfjarðarnesseli er enn greinanlegir meðfram austurhlið túns, á kafla neðan við túnið og hluta þar sem vegurinn beygði frá ánni inn á túnið upp að bæjarstæðinu.

¹¹ Loftmynd (AMS37-1-_023) er sótt af heimasíðu Náttúrufræðistofnunar www.natt.is

¹² Loftmynd (DMA30-04723) er sótt af heimasíðu Náttúrufræðistofnunar www.natt.is



Mynd 19. Minjar utan túna í Miðfjarðarnesseli.

Aðrar upplýsingar

Heimreiðin er sést á loftmynd frá 1945 og 1960¹³ en þá hefur vegurinn endað við bæjarstæði Miðfjarðarnessels. Nú liggur vegur inn dalinn í gegn um túnið, neðan gamla bæjarstæðisins

Miðfjarðarnessel 3465-019

Hlutverk: Hleðsla

Tegund: Girðing

Staðhættir

Hleðsla undan vírgirðingu liggur frá SV til NA þvert yfir eyri norðan Miðfjarðarár, um 420m austur af gamla bæjarstæði Miðfjarðarnessels.

Aðrar upplýsingar

Hleðsla er um 210m löng og fremur óvönduð. Hún er um 50cm breidd og 5-20cm á hæð.

Aðrar upplýsingar

Óvíst er um aldur en í búskaparannál í *Sveitum og jörðum* (bls. 24) segir: „Upp úr aldamótum: Tún varið með vörsluskurðum og vírstrengjum. Nú tún og hagagirðing.“ Hleðslan og réttin eru greinanlegar á loftmynd frá 1945.¹⁴



Mynd 20. Girðing [3465-019] á nesi við Miðfjarðará. Horft í norðaustur.

¹³ Loftmynd 1945 nr. AMS37-1-_023 og 1960 DMA30-04723 eru sóttar af heimasíðu Náttúrufræðistofnunar www.natt.is.

¹⁴ Loftmynd (AMS37-1-_023) er sótt af heimasíðu Náttúrufræðistofnunar www.natt.is



Mynd 21. Girðing og afgirt hólf [3465-020], horft í austur.

Miðfjarðarnessel 3465-020

Hlutverk: Girðing, rétt?

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Hleðsla undan girðingu liggur frá NA horni túns til NA að Miðfjarðará, um 50m neðan við veginn inn dalinn.

Lýsing

Hleðslan er um 112m löng frá túnhorni að ánni og upp við hana hefur verið ferkantað hólf um 27x6m að stærð, mögulega rétt. Hleðslan er um 50cm á þykkt og hæst um 50cm.

Aðrar upplýsingar

Óvíst er um aldur en í búskaparannál í

Sveitum og jörðum (bls. 24) segir: „Upp úr aldamótum: Tún varið með vörsluskurðum og vírstrengjum. Nú tún og hagagirðing.“

Hleðslan og réttin eru greinanlegar á loftmynd frá 1945.¹⁵

Miðfjarðarnessel-021

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Á milli tveggja mela, 540m norðaustur af gamla bæjarstæðinu í Miðfjarðarnesseli er Breiðagil og í því, norðan lækjar mógrafir.

Lýsing

Mógrafarsvæðin eru þrjú og liggja þétt saman, alls 700m² að flatarmáli. Þær eru allt að metri á dýpt og enn er vatn í nokkrum grafanna.

Aðrar upplýsingar

Í búskaparannál Sveita og jarða [bls. 25] kemur fram að fram til ársins 1940 hafi tað og svörður verið notaður sem eldsneyti en eftir 1940, kol með sverði, koks.



Mynd 22. Mógrafir [3465-021]. Horft til austurs.

¹⁵ Loftmynd (AMS37-1-_023) er sótt af heimasíðu Náttúrufræðistofnunar www.natt.is

Miðfjarðarnessel 3465-022

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Brú, leið

Staðhættir

Gamla bogabruin yfir Miðfjarðará stendur enn og að henni hlaðinn vegspotti í landi Miðfjarðarnessels.

Lýsing

Vegurinn er um 15m langur og liggur að brúnni frá veginum inn dalinn norðan Miðfjarðarár.

Aðrar upplýsingar

Í skýrslu Örne Bjarkar Stefánsdóttur um vegminjar á Norður- og Norðausturlandi (bls. 59) segir: Árið

1914 var byggð steinsteypt bogabru yfir Miðfjarðará á Langanesi. Sú brú stóð stutt því einungis ári síðar, eða aðfarnótt 26. Maí 1915 féll brúin í vorleysingum [...] Samþykkt var á alþingi 21. Ágúst 1915 að veita 7000 krónur til byggingar nýrrar brúar yfir Miðfjarðará og sumarið 1916 var lokið við smíði steinteyprar bogabruar yfir ána.“



Mynd 23. Gamla brúin að Miðfjarðará, vinstra megin má sjá hlaðinn vegkafla [3465-022] að brúnni.

Miðfjarðarnessel 3465-023

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Fast ofan vegar inn að Miðfjarðarnesseli, 850m NA af bænum er mógrafasvæði.

Lýsing

Mógröfin er um 280² að stærð og mesta dýpt er um 1,5m.

Aðrar upplýsingar

Í búskaparannál Sveita og jarða í Múlaþingi (bindi I, bls. 25) segir: „Tað og svörður til '40, þá kol með sverði, koks '64. Vindrafstöð 1945-54.“



Mynd 24. Mótökusvæði [3465-023], horft í norðvestur.

Miðfjarðarnessel 3465-024

Hlutverk: Óþekkt, grunnur?

Tegund: Hleðsla

Staðhættir

Um 6m vestur af Norðausturvegi, um 400m norðaustur af nýju brúnni á Miðfjarðará er ferköntuð hleðsla.

Lýsing

Hleðslan er einföld og myndar ferkantaðan flöt 13x5m að flatarmáli.

Aðrar upplýsingar

Gæti verið hleðsla undan girðingu eða afmörkun fyrir húsgrunni.



Mynd 25. Hleðsla, mögulega húsgrunnur [3465-024]. Horft í norðvestur.

Miðfjarðarnessel 3465-025

Hlutverk: Kennimark, gildra?

Tegund: Varða, hleðsla

Staðhættir

Uppi á svokallaðri Nónöxl, um 1,5km norður og upp af gamla bæjarstæðinu er hrunin varða.

Aðrar upplýsingar

Varðan er óvönduð grjóthruga, um 60 cm há og um 60cm á breidd. Undir vörðunni er aflöng, ca. 1,3m á lengd og 60cm á hæð, mögulega leifar refagildru.



Mynd 26. Varða, mögulega á refagildru.

Miðfjarðarnessel 3465-026

Hlutverk: Óþekkt, smalakofi?

Tegund: Tóft

Staðhættir

Austan undir svokallaðri Nónöxl, í móa neðst í brekku er kofatóft.

Lýsing


Tóftin er um 4x4m að utanmáli og hafa dyr vitað í NA. Tóftin fellur inn í móann umhverfis en veggir eru hæstir um 30cm og 50cm á þykkt. Tóftin er vaxing grasi, mosa og lyngi.

Aðrar upplýsingar

Tóftin gæti líka verið heytóft.



Mynd 27. Þýð tóftarleif [3465-026] neðan við Nónöxl. Horft í suður.



Mynd 28. Myndin hægra megin sýnir heytóft [3465-027] og teikningin sýnir afstöðu milli tófta [3465-027 og 3465-028].

Miðfjarðarnessel 3465-027

Hlutverk: Heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tvær heytóftir eru í móa ofan mýri um 820m ofan og norðvestan bæjar.

Aðrar upplýsingar

Neðri (austari) tóftin er fast vestan lítils lækjar sem rennur úr brekkunni í gegn um mýrina neðan tóftarinnar. Tóftin snýr norðvestur-suðastur og er um 6x4m að utanmáli. Vegghæð er 60cm og þykkt veggja um 50cm

Miðfjarðarnessel 3465-028

Hlutverk: Heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tvær heytóftir eru í móa ofan mýri um 820m ofan og norðvestan bæjar.

Aðrar upplýsingar

Efri (vestari) tóftin er fast vestan lítils lækjar sem rennur úr brekkunni í gegn um mýrina neðan tóftarinnar. Hún snýr suðvestur-norðaustur og virðist tvískipt. Tóftin er alls 7x4m að utanmáli. Vegghæð er um 20-50cm þykkt 50cm.

Miðfjarðarnessel 3465-029

Eldra númer: Miðfjarðarnessel 3418-001¹⁶

Hlutverk: Girðing

Tegund: Hleðsla



Mynd 29. Heytóft [3465-028], heytóft [3465-027] fjær. Horft í suðaustur.

¹⁶ Eldra númer á við númer úr fyrri áfangaskýrslu.

Staðhættir

Ofan við heimatún í Miðfjarðarnesseli er hleðsla undan girðingu og á henni girðingarleifar.

Lýsing

Girðingin afmarkar suðvesturhlið efsta hluta gamla túnsins. Hleðslan er gróin, 30-40cm há og 30-40 á breidd. Girðingarleifar eru á hluta hleðslunnar sem er rúmlega 80m löng.

Aðrar upplýsingar

Óvíst er um aldur en í búskaparannál í *Sveitum og jörðum* (1. bindi, bls. 24) segir: „Upp úr aldamótum: Tún varið með vörsluskurðum og vírstrengjum. Nú tún og hagagirðing.“



Mynd 30. Hleðsla undan girðingu [3465-029]. Horft er til suðvesturs.

Miðfjarðarnessel 3465-030

Eldra númer: Miðfjarðarnessel 3418-002

Tegund: Tóft

Staðhættir

Ofan við túnin í Miðfjarðarnesseli er vegur [3465-031] og neðan hans er tóft. Túnið náði áður lengra upp eftir og hefur tóftin þá verið efst í túni.

Lýsing

Tóftin snýr norðaustur-suðvestur og er 4x2,5m að utanmáli. Veggir eru algrónir, 30cm þykkir og 20cm háir.

Aðrar upplýsingar

Tóftir er rúmlega metra utan við uppgefin útmörk skráningarsvæðis.



Mynd 31. Heytóft [3465-030] ofan túns. Horft er til suðurs.

Miðfjarðarnessel 3465-031

Eldra númer: Miðfjarðarnessel 3418-003

Hlutverk: Leið

Tegund: Vegur, hleðsla

Staðhættir

Ofan við túnin í Miðfjarðarnesseli er vegur sem er á köflum upphlaðinn. Áður náði túnið upp að þessum vegi.

Lýsing

Vegurinn er 340m langur og liggur frá norðurenda túnanna, til suðvesturs. Hann er upphlaðinn þar sem hann liggur yfir læk. Breidd er mest 2,5m og mesta hæð hleðslunnar er yfir metri.



Mynd 32. Upphlaðinn vegur [3465-031]. Horft er til suðvesturs.

Aðrar upplýsingar

Aldur er óviss en vegurinn, eða að minnsta kosti hluti hans, sést á loftmynd frá 1945 (AMS37-1-1023). Vegurinn er að mestu leyti innan skógræktarsvæðis.

Miðfjarðarnessel 3465-032

Eldra númer: Miðfjarðarnessel 3418-004

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Þúst

Staðhættir

Norðvestur af túnnum í Miðfjarðarnesseli er þúst með tóftalögun.

Lýsing

Þústin er 6x3m að utanmáli. Hún er lyngi og grasi gróin og veggir ekki greinanlegir.

Aðrar upplýsingar


Hugsanlega er þetta náttúrulegt fyrirbæri.



Mynd 33. Kofatóft [3465-032]. Horft er til suðvesturs.



Mynd 34. Kofatóft [3465-033]. Horft er til suðvesturs.



Miðfjarðarnessel 3465-033

Eldra númer: Miðfjarðarnessel 3418-005

Hlutverk: Smalakofi

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tæplega 380m vestsuðvestur af fyrrverandi veiðihúsi, sem stendur við túnið í Miðfjarðarnesseli eru tvær kofatóftir á og við hól. Hóllinn er á tungu á milli tveggja mela.

Lýsing

Vestari tóftin er upp á hólnum, hún er fornleg að sjá, vaxin mosa og lyngi. Breidd veggja er 20cm og veggghæð er 10cm. Dyr hafa mögulega verið á norðausturvegg.

Aðrar upplýsingar

Tóftirnar eru líklega smalakofar.

Miðfjarðarnessel 3465-034

Eldra númer: Miðfjarðarnessel 3418-006

Hlutverk: Smalakofi

Tegund: Tóft

Staðhættir

Tæplega 380m vestsuðvestur af fyrrverandi veiðihúsi, sem stendur við túnið í Miðfjarðarnesseli eru tvær kofatóftir á og við hól. Hóllinn er á tungu á milli tveggja mela.

Lýsing

Vestari tóftin er upp á hólnum en austari tóftin er byggð upp við hólinn austanverðan. Veggir eru 30cm þykkir og 20cm breiðir, algrónir.

Aðrar upplýsingar

Tóftirnar eru líklega smalakofar.



Mynd 35. Kofatóft [3465-034]. Horft er til norðnorðvesturs.

Miðfjarðarnessel 3465-035

Eldra númer: Miðfjarðarnessel 3418-007

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í mólendi, rúmlega 560m vestur frá fyrrverandi veiðihúsi í Miðfjarðarnesseli, á austurbakka lækjar, er heytóft.

Lýsing

Heytóftin er á upphækkun sem er um 70cm há. Hún snýr norðvestur-suðaustur og er 4x2,5m að utanmáli. Veggir eru óverulegir 10cm breiðir og 10cm háir.



Mynd 36. Heyttóft [3465-035]. Horft er til austurs.

Miðfjarðarnessel 3465-036

Eldra númer: Miðfjarðarnessel 3418-008

Hlutverk: Heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í mólendi, rúmlega 890m vestur frá fyrrverandi veiðihúsi í Miðfjarðarnesseli, á austurbakka lækjar er gróin tóft, líklega heytóft.



Lýsing

Tóftin snýr norðvestur-suðaustur og er 4x3m að utanmáli. Veggir eru algrónir, 40cm háir og 50cm þykkir. Tóftin er grasi gróin og þýfð. *Mynd 37. Heytóft [3465-036]. Horft til austurs.*

Miðfjarðarnessel 3465-037

Eldra númer: Miðfjarðarnessel 3418-009

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir

Syðst á mosagrónum mel, 1,3km ofan og vestanvið tún í Miðfjarðarnesseli, er varða.

Lýsing

Varðan sem hlaðin er utan í stóran stein, stendur ágætlega. Hún er 80cm að þvermáli og 100cm há.

Aðrar upplýsingar

Varðan var í daglegu tali nefnd

Varðan að sögn Jóhanns Karls


Árnasonar sem alinn var upp í Miðfjarðarnesseli (munnleg heimild, 13.05.2024). Varðan gæti staðið á mel þeim sem nefndur er Vörðumelur í örnefnaskrá Miðfjarðarnessels (bls. 3-4), en segir: „Inn og upp af Efri-Botnum sem fyrr voru taldir, er Vörðubrekka, er neðan í mel, sem heitir Vörðumelur”.



Mynd 38. Syðst á mel er varða [3465-037]. Horft til suðausturs.



Mynd 39. Stekkjartóft [3465-038] neðan Háubrekku. Horft til austurs.



Miðfjarðarnessel 3465-038

Eldra númer: Miðfjarðarnessel 3418-010

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir


Neðan undir hárri melbrekku (Háubrekku) er tóft, líklega stekkjartóftin sem nefnd er í örnefnaskrá Miðfjarðarnessels (bls. 1). Tóftin er rúmlega 850m suðvestur frá fyrrverandi veiðihúsi, sem stendur við tún í Miðfjarðarnesseli.

Lýsing

Tóftin virðist tvískipt, 6x2,5m að utanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er þýfð og algróin. Veggir eru 30-60cm háir og 70cm breiðir. Dyr eru til norðausturs bæði úr rétt og lambakró.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Miðfjarðarnessels (bls. 1) segir: „Neðan við Háubrekku er Stekkjarmór. Þar var stekkur, sem merki eru eftir. Þar innar með ánni er svo Þurrkeyri, þar var þurrkað hey, og undan henni er Þurrkeyrarhylur í ánni”. Stekkurinn er um tvo metra utan fyrirhugaðs skógræktarsvæðis.



Mynd 40. Til vinstri er mynd af mögulegri stekkjartóft [3465-039]. Horft er til austnorðausturs. Til hægri er teikning af sömu tóft.

Miðfjarðarnessel 3465-039

Eldra númer: Miðfjarðarnessel 3465-041

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í hvammi, innan við Háubrekku og 30m neðan við veginn sem liggur inn dalinn upp af Miðfirði er tóft. Hún er í mólendi og stendur við lítinn læk. Tóftin er um 1,06km suðvestur frá fyrrverandi veiðihúsi, sem stendur við tún í Miðfjarðarnesseli.

Lýsing

Tóftin er hálf boga. Til suðvesturs er lyngi gróið hól en grasi grónir veggir til norðausturs frá því og eru þeir bæði lægri og mjórri. Tóftin virðist tvískipt og minnir helst á stekk og væri þá lambrakróin til suðvesturs, þ.e. lyngi gróni hlutinn en réttin til norðausturs. Innangengt hefur verið á milli króar og réttar. Veggir eru 20-40cm háir og 80cm breiðir og utanmál 9x3m.

Miðfjarðarnessel 3465-040

Eldra númer: Miðfjarðarnessel 3418-012

Hlutverk: Mótóft, heytóft

Tegund: Tóft

Staðhættir

Í mólendi, norðan við læk þann sem líklega er Rauðilækur, skv. örnefnaskrá (bls. 3) og innan við Háubrekku, er tóft. Tóftin er 1,1km suðvestur frá fyrrverandi veiðihúsi, sem stendur við tún í Miðfjarðarnesseli.

Lýsing

Tóftin sný norður-suður og er 6x3m að utanmál. Hún er mosa og lyngi gróin. Veggir eru 20-40cm háir og 50cm breiðir. Tóftin er gamalleg.

Aðrar upplýsingar

Rúmlega 100m eru í næstu mógröf [3465-043] sem virðist yngri en tóftin. Í örnefnaskrá er sagt að Þurrkeyri sé innan við Háubrekku og Stekkjarmó og það passar við eyrarnar sem eru neðan við svæðið



Mynd 41. Mó- eða heytóft [3465-040]. Horft er til norðausturs.

Miðfjarðarnessel 3465-041

Eldra númer: Miðfjarðarnessel 3418-013

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Norðan við læk þann sem líklega kallast Rauðilækur, skv. örnefnaskrá (bls. 3) og innan við Háubrekku, er mógröf. Mógröfin er 1,2km suðvestur frá fyrrverandi veiðihúsi, sem stendur við tún í Miðfjarðarnesseli.

Lýsing

Mógröfin er 20-70cm djúp og 14m² að flatarmáli.

Aðrar upplýsingar

Aðeins ein tóft [3465-042] er í nágrenni grafanna sem gæti verið mótóft en hún virðist þó eldri en mógröfin.

Aðrar upplýsingar

Í búskaparannál Sveita og jarða [bls. 25] kemur fram að fram til ársins 1940 hafi tað og svörður verið notaður sem eldsneyti en eftir 1940, kol með sverði, koks.

Miðfjarðarnessel 3465-042



Mynd 42. Mógröf [3465-041]. Horft er til suðurs.

Eldra númer: Miðfjarðarnessel
3418-014

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgröftur

Staðhættir

Í mýrlendi, 50m vestur af Miðfjarðará eru mógrafir. Þær eru sunnan við nokkuð stóran læk sem rennur í ána, mögulega Rauðilækur, sem nefndur er í örnefnaskrá (bls. 3). Mógröfin er tæplega 1,1km suðvestur frá fyrrverandi veiðihúsi, sem stendur við tún í Miðfjarðarnesseli.

Lýsing

Mógrafirnar eru 50m² að flatarmáli. Þær eru fullar af vatni og því sést ekki hversu djúpar þær eru en mest eru 40cm niður að vatnsborðinu.

Aðrar upplýsingar

Ekki fundust mótóftir í nágrenni grafanna.

Í búskaparannál Sveita og jarða [bls. 25] kemur fram að fram til ársins 1940 hafi tað og svörður verið notaður sem eldsneyti en eftir 1940, kol með sverði, koks.



Mynd 43. Mógrafir [3465-042]. Horft er til austurs.

Miðfjarðarnessel 3465-043

Eldra númer: Miðfjarðarnessel
3418-015

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir

Á mel norður og upp af ármótum Kverkár og Miðfjarðarár eru tvær vörður, önnur nyrst á melnum.

Lýsing

Varðan sjálf er lítil eða rétt um 30cm há, hlaðin flötum steinum. En hún stendur á gróinni þúfu og eru þær samanlagt 60cm háar.



Mynd 44. Varða [3465-043]. Horft er til norðausturs.

Miðfjarðarnessel 3465-044

Eldra númer: Miðfjarðarnessel 3418-016

Hlutverk: Kennimark

Tegund: Varða

Staðhættir

Á mel norður og upp af ármótum Kverkár og Miðfjarðarár eru tvær vörður, önnur syðst á melnum.

Lýsing

Varðan er 1x1m að grunnmáli og um 60cm há. Hleðslan er ekki sérlega vönduð en varðan stendur þó ágætlega.

Aðrar upplýsingar

Varðan gæti varðað leið [3465-045] sem liggur utan í melnum sem varðan stendur á.



Mynd 45. Varða [3465-044]. Horft til vesturs.

Miðfjarðarnessel 3465-045

Eldra númer: Miðfjarðarnessel 3418-017

Hlutverk: Leið

Tegund: Gata

Staðhættir

Norður og upp af ármótum Kverkár og Miðfjarðarár er melur og sunnan í honum vel greinileg gata sem liggur á bakkanum norður með Kverká.

Lýsing

Gatan var bæði mæld á vettvangi og af loftmynd. Hún sést á um 790m löngum kafla og nær vestur fyrir skógræktarsvæðið.

Aðrar upplýsingar

Óvíst er hvort þetta eru kindagötur en nálægðin við vörðu [3465-044] getur bent til að þarna hafi verið reiðleið.



Mynd 46. Gata [3465-045]. Horft til austurs. Á melnum, efst til vinstri sést varða [3465-044].

Miðfjarðarnessel 3465-046

Hlutverk: Mógeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Á milli tveggja mela, 540m norðaustur af gamla bæjarstæðinu í Miðfjarðarnesseli er Breiðagil og í því, norðan lækjar mógrafir. Sunnan við stærstu mógrafirnar er þúst, mögulega mótóftar.

Lýsing

Þústin, sem samanstendur af 30cm háum þúfum er 3x2m að utanmáli og snýr norðvestur-suðausturs. Hún sker sig aðeins úr umhverfi og



Mynd 47. Þúst, mögulega mótóft [3465-046]. Horft til suðausturs.

gæti verið leifar mótóftar en aðrar slíkar fundust ekki umhverfis grafirnar. Hugsanlega er þó aðeins um náttúrulegt fyrirbæri að ræða.

Miðfjarðarnessel 3465-047

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Niðurgroftur

Staðhættir

Austan og neðan vegarins sem liggur inn Miðfjörð, rúmlega 60m suður af húsinu í Miðfjarðarnesseli eru mógrafir.

Lýsing

Mógrafirnar eru mest um metri á dýpt og ná yfir 250m² stórt svæði.

Aðrar upplýsingar

Í búskaparannál Sveita og jarða [1. bindi, bls. 25]

kemur fram að fram til ársins 1940 hafi tað og svörður verið notaður sem eldsneyti en eftir 1940, kol með sverði, koks.



Mynd 48. Mógrafir [3465-047]. Horft er til austur.

Miðfjarðarnessel 3465-049

Hlutverk: Heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Innst eða vestast í landi Miðfjarðarnessels, í Sveifum, engjastykki ofan Litlu-Kverkár eru þrennar heytóftir. Syðst er stök heytóft sem er tæpa 150m norðan árinna.

Lýsing

Tóftin snýr norðnorðvestur-suðsuðaustur og er 7x5m að utanmáli, opin til suðausturs. Tóftin er frekar vegleg. Veggir eru 80cm breiðir og 20-50cm háir. Þeir eru grónir mosa og lyngi.


Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Miðfjarðarnessels (bls. 2) segir „Inn af Langamel er Háubakkavað á ánni, þar upp af var engjastykki, nefnt Háubakkaflaga, dregur þetta hvorttveggja nafn af háum nafnlausum bökkum að ánni. Þar innar er Álftavað á ánni og Sveifar, stórt og mikið engjastykki, ljósalykja og lauf.“

Engar heytóftir fundust við Háubakkaflögu en þrjár heytóftir [3465-049, 050 og 051] fundust í Sveifum.



Mynd 49. Heytóft [3465-049]. Horft er til suðsuðausturs.



Mynd 50. Teikning af heytóftum [3465-050 og 3465-050] til vinstri. Til hægri er mynd af heytóft [3465-051]. Horft til austurs.

Miðfjarðarnessel 3465-050

Hlutverk: Heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Innst eða vestast í landi Miðfjarðarnessels, í Sveifum, engjastykki upp af Litlu-Kverká eru þrennar heytóftir. Tvær þeirra liggja hlið við hlið, á grónum hól, 260m norðan árinna.

Lýsing

Nyrðri tóftin er 7x3,5m að utanmáli og snýr nokkurn veginn austur-vestur. Hún er tvískipt, veggir svolítið þýfðir, 20-30cm háir og 50cm breiðir. Tóftin er gróin, grasi, mosa og lyngi. Hún stendur hærra í landinu en tóft [3465-051] sem er sunnan við og gæti verið yngri en það er þó ekki víst.

Engar heytóftir fundust við Háubakkaflögu en þrjár heytóftir [3465-049, 050 og 051] fundust í Sveifum.

Miðfjarðarnessel 3465-051

Hlutverk: Heygeymsla

Tegund: Tóft

Staðhættir

Innst eða vestast í landi Miðfjarðarnessels, í Sveifum, engjastykki upp af Litlu-Kverká eru þrennar heytóftir. Tvær þeirra liggja hlið við hlið, á grónum hól, 260m norðan árinna.

Lýsing

Syðri tóftin er 8x3m að utanmáli og snýr nokkurn veginn austur-vestur. Hún virðist tvískipt, veggir eru 20cm háir og 50cm breiðir. Þeir eru þýfðari en veggir nyrðri tóftarinnar [3465-050]. Tóftin er gróin, grasi, mosa og lyngi.

Engar heytóftir fundust við Háubakkaflögu en þrjár heytóftir [3465-049, 050 og 051] fundust í Sveifum.



Mynd 51. Heytóft [3465-051] í forgunni en ofarlega til vinstri sést í tóft [3465-050]. Horft er til norðausturs.

Minjar án hnita

Miðfjarðarnessel 3465-052

Hlutverk: Fjárborg

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Miðfjarðarnessels (bls. 1) segir: „Verður nú fyrst haldið inn með ánni. Þá er þar Borgarmelur meðfram ánni. Neðan við hann var fjárborg, sem sjást tættur eftir.“

Aðrar upplýsingar

Engin ummerki fundust um fjárborg á svæðinu en hún gæti hafa horfið við vegaframkvæmdir.

Miðfjarðarnessel 3465-053

Sérheiti: Sigðurðarstaðir

Hlutverk: Óþekkt, híbýli, útihús?

Tegund: Heimild

Staðhættir

Í örnefnaskrá Miðfjarðarnessels (bls. 1) segir: Í túni ofan við götu utan við Bæjarlækinn heita Eiríksstaðir [3465-006], og niður við ána inn með henni í túni eru Sigðurðarstaðir.“

Aðrar upplýsingar

Ekki er vitað hvað Sigðurðarstaðir voru, mögulega hefur þetta verið heiti á útihúsi.

Miðfjarðarnessel 3465-054

Sérheiti: Engjavað

Hlutverk: Vað

Tegund: Heimild

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Miðfjarðarnessels (bls. 1) segir: „Engjavað er á ánni undan Svartabakka af Eyrinni.“ Nákvæm staðsetning vaðsins er ekki þekkt.

Miðfjarðarnessel 3465-055

Sérheiti: Bæjarvað

Hlutverk: Vað

Tegund: Heimild

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Miðfjarðarnessels (bls. 1) segir: „[...] Bæjarvað, var farið innst úr Kríuhólma. Nákvæm staðsetning vaðsins er ekki þekkt.

Miðfjarðarnessel 3465-056

Sérheiti: Klapparvað

Hlutverk: Vað

Tegund: Heimild

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Miðfjarðarnessels (bls. 2) segir: „Þá verður haldið inn með Kverká, Klapparvað er á Kverká skammt frá ármótum. Nákvæm staðsetning vaðsins er ekki þekkt.

Miðfjarðarnessel 3465-057

Sérheiti: Háubakkavað

Hlutverk: Vað

Tegund: Heimild

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Miðfjarðarnessels (bls. 2) segir: „Inn af Langamel er Háubakkavað á ánni.“ Nákvæm staðsetning vaðsins er ekki þekkt.

Miðfjarðarnessel 3465-058

Sérheiti: Álftavað

Hlutverk: Vað

Tegund: Heimild

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Miðfjarðarnessels (bls. 2) segir: „Þar innar er Álftavað á ánni og Sveifar, stórt og mikið engjastykki [...]“. Nákvæm staðsetning vaðsins er ekki þekkt.

Miðfjarðarnessel 3465-059

Sérheiti: Brúarfoss

Hlutverk: Brú

Tegund: Heimild

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá Miðfjarðarnessels (bls. 2) segir: „Innantil undan Langamel var brú áður fyrr á ánni; þar heitir Brúarfoss. Engin ummerki fundust um brúna.

Samantekt

Alls voru skráðar 59 minjar í landi Miðfjarðarnessels. Um er að ræða heildarskráningu jarðarinnar og var stuðst við gögn frá verkkaupa um afmörkun svæðisins. Minjar sem hægt var að staðsetja voru 51 en auk þess voru skráðar upp úr heimildum átta minjar sem voru horfnar eða staðsetning ekki þekkt (sjá hnitatöflu aftast í skýrslu).

Minjar sem eru 100 ára eða eldri teljast fornleifar og því bar að skrá minjar frá því um og fyrir 1925. Erfitt getur verið að meta aldur minja þegar nákvæmar heimildir eru ekki til staðar og því kunna einhverjar minjanna að vera yngri en 100 ára.

Miðfjarðarnessel var hjáleiga frá Miðfjarðarnesi og byggðist fyrst árið 1818, líklega á selstöðu heimajarðarinnar. Ekki fundust augljósar fornar minjar við skráninguna sem gætu tilheyrt heimajörðinni Miðfjarðarnesi (þ.e. fyrir 1818) en þó má vera að einhverjar heytóftir og vörður séu eldri. Í heildina endurspegla minjarnar hefðbundið búsetu- og landbúnaðarlandslag frá 19.- og 20. öld. Í og við heimatún eru misvel varðveittar leifar útihúsa, jarðvinnslu og mótekju. Utan túna þá er um að ræða minjaflokka eins og stekki, heytóftir, mógrafir og vörður.

Gamli bærinn **[3465-001]** stóð á suðurbakka bæjarlækjarins og sést hann á loftmyndum frá 1945 og 1960. Hann var í notkun til ársins 1930 en þá var byggt timburhús, svokallað framhús, með torfveggi á þrjá vegi. Árið 1963 var byggt timburhús.¹⁷ Gera má ráð fyrir að torfbærinn hafi staðið á sama stað frá því jörðin byggðist. Fjárhús **[3465-002]** voru í túni sunnan bæjarins og önnur **[3465-017]** á vesturbakka Miðfjarðarár. Skurðir **[3465-003]** eru meðfram bæjarlæknum og liggja í átt að gamla bæjarstæðinu. Í Sveitum og jörðum (1. bindi, bls. 25) segir að innangengt hafi verið í gott vatnsból í torfbænum og hafa skurðirnir líklega leitt vatn í það. Tveir handgrafnir skurðir **[3465-004]** eru í túninu, suðaustur af bæjarstæðinu. Tvær myllutóftir **[3465-007 og 008]** eru upp með bæjarlæknum. Gera má ráð fyrir að þær séu frá 19. öld en þær er ekki að finna í búskaparannál Sveita og jarða. Í námunda við myllurnar eru ummerki um torfskurð og efnistöku **[3465-009 og 048]** og austar eru veglegar mógrafir **[3465-011]**. Mór var notaður sem eldsneyti fram yfir miðja 20. öld.¹⁸ Á háum lækjarbakka vestur af bæjarstæðinu er niðurgráfin tóft **[3465-010]** sem minnir helst á súrheysgryfju. Brú **[3465-005]** var á bæjarlæknum en óvíst er um aldur hennar. Norðan lækjar er tóft **[3465-006]** sem kallast Eiríksstaðir og virðist líklega að þar hafi verið útihús en lítill bær. Norðan bæjar eru mógrafir **[3465-012]** og mótóft **[3465-013]**. Norðaustan bæjar er útihúsatóft **[3465-014]** og við hana tveir skurðir **[3465-015]** sem hafa haft það hlutverk að veita vatni frá tóftinni en hún stendur í mýri. Sunnan bæjarstæðisins fast við neðan vegar inn dalinn er lítil útihúsatóft **[3465-016]**, hlutverk óþekkt.

Hleðsla undan girðingu **[3465-029]** afmarkar vesturhluta túns og er líklega frá fyrri hluta 20. aldar. Á brekkukolli ofan núverandi túns eru heytóft **[3465-030]** og upphlaðinn vegur **[3465-031]**. Óvíst er um aldur girðingarinnar og vegarins og hvort þau teljist til fornleifa en bæði sjást

¹⁷ Sveitir og jarðir, 1. bindi, bls. 25.

¹⁸ Sveitir og jarðir, 1. bindi, bls. 25.

á loftmynd frá 1945. Tæplega 50m innan við túnin er þúst með tóftalagi [3465-032] en veggir óglöggir og óvíst hvort er manngert. Tvær litlar smalakofatóftir [3465-033 og 034] eru innan við túnin, á tungu milli tveggja lækja. Í brekkunum ofan og innan við bæinn eru tvær heytóftir [3465-035 og 036] og enn ofar er varða [3465-037] á mel. Tvær stekkjartóftir eru innan svæðis, önnur [3465-038] fast neðan við svonefnda Háubrekku og hin við vestur enda Háubrekumels [3465-039]. Innan við Háubrekumel er einnig hey- eða mótóft [3465-040] og tvær mógrafir [3465-041 og 042]. Á melum vestast á skráningarsvæðinu eru tvær vörður [3465-043 og 044] og gata [3465-045] liggur á gilbarminum norðan Kverkár. Í svokölluðum Sveifum, innst eða vestast í landi Miðfjarðarnessels, norður af Litlu-Kverá eru þrennar heytóftir [3465-049, 050 og 051].

Austan túna eru leifar gömlu heimreiðarinnar [3465-018] sem lá á annan veg en nú, niður að bugi á ánni og þaðan upp túnið. Gatan sést neðan túns og upp með túninu austanverðu. Á svipuðum stað eru leifar tveggja grjóthleðsla undan girðingum [3465-019] og [3465-020], en afgirt rétt eða hól var upp við seinni girðinguna. Óvíst er um aldur girðinganna og vegarins en minjarnar sjást á loftmynd frá 1945. Gamla brúin að Miðfjarðará, byggð 1916, stendur enn og til norðvesturs frá henni er upphlaðinn vegspotti [3465-022] að núverandi vegi. Skammt þar frá eru leifar mógrafa [3465-023] fast ofan við núverandi veg. Ofan vegar yst í landi jarðarinnar er einföld hleðsla [3465-024], mögulega undan girðingu eða afmörkun húsgrunns. Á Nónöxl, efst og nyrst í landi jarðarinnar er vörðuhrúgald [3465-025], mögulega reist á grunni refagildru. Neðan (sunnan) Nónaxlar er tóft [3465-026], í þýðum móa, gæti verið af smalakofa eða jafnvel heytóft. Tvær heytóftir [3465-027 og 028] eru í mýri norður og upp af bæ.

Nokkrar minjar var ekki hægt að staðsetja. Fjárborg [3465-052] er nefnd í örnefnaskrá en engin ummerki fundust um hana. Sama má segja um Sigurðarstaði [3465-053] sem voru í túni neðan bæjar. Fimm vöð [3465-054-058] á Miðfjarðará eru nefnd í örnefnaskrá en staðsetning þeirra er óviss. Innan við svokallaðan Langamel var áður brú [3465-059] en engin ummerki fundust um hana.

Hættumat

Við skráningu er lagt mat á hvort minjar geti verið í hættu vegna framkvæmda eða af náttúrulegum orsökum. Þetta mat byggir á stöðlum Minjastofnunar Íslands en þar eru þrír hættu flokkar, engin hættu, hættu og mikil hættu.¹⁹ Minjarnar sem skráðar voru á vettvangi voru ekki taldar í annarri hættu en þeirri sem mögulega getur hlotist af fyrirhugaðri skógrækt.

Þær 17 minjar [3465-029-045] sem skráðar höfðu verið vegna plöntunar sumarið 2025 eru ekki metnar í hættu í hnitatöflu, þar sem við plöntun var tekið tillit til staðsetningar þeirra. Aðrar minjar eru metnar í hættu vegna skógræktar þar sem nákvæmlega annarra plöntunarsvæða lá ekki fyrir.

¹⁹ https://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/skraningarstadlar_2013_fornleifar.pdf

Við skipulag skógræktarsvæða er mikilvægt að tekið sé tillit til minja innan þeirra. Gefa þarf minjum nægilegt rými og þar sem um minjaheildir er að ræða ber að gæta þess að planta ekki trjáum þannig að þær missi samhengi sitt. Samkvæmt lögum um menningarminjar er 15m friðhelgað svæði umhverfis fornleifar sem miðast við ystu sýnileg mörk. Rætur trjáa eru skaðlegar fornleifum á yfirborði, en ekki síður þeim hluta minjalandslagsins sem liggur neðanjarðar. Rætur trjáa og annars gróðurs brýtur upp og aflagar jarðlög sem rýrir fornleifafræðilegt samhengi, og þar með upplýsingagildi jarðlægra fornleifa.

Allar ákvarðanir um mótvægisáðgerðir eða breytingar á framkvæmdasvæðum eru í höndum Minjastofnunar Íslands. Þó svo að minjar sjáist ekki lengur á yfirborði kunna ummerki um þær að leynast neðanjarðar. Ef minjar koma upp við framkvæmdir ber að stöðva þær tafarlaust og tilkynna fundinn til Minjastofnunar sem metur hvort og til hvaða mótvægisáðgerða þarf að grípa

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir:

Arna Björg Stefánsdóttir (2019). *Vegminjar á Norður- og Norðausturlandi*. Vegagerðin. [www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/vegminjar_nordur_nordasturland/\\$file/Vegminjar2018-19%20minnkuð.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/vegminjar_nordur_nordasturland/$file/Vegminjar2018-19%20minnkuð.pdf)

Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga (2025). *Fornleifaskráning vegna skógræktar í Miðfirði, Langanesbyggð. Miðfjarðarnessel*. Rannsóknarskýrslur 2025/3. https://skraning.minjastofnun.is/Verkefni_3418.pdf

Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson (2000). *Múlasýslur, Sýslu- og Sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1847*. Sögufélag og Örnefnastofnun.

J. Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi*. S. Trier.

Sveitir og jarðir í Múlaþingi I (1974). Búnaðarsamband Austurlands.

Óprentaðar heimildir:

Örnefnaskrá Miðfjarðarnessels. Ari Gíslason skráði en Árni Kristinn Þorsteinsson var heimildamaður. Örnefnastofnun Íslands.

Miðfjarðarnessel, Skeggjastaðahreppur. Múlasýsla, norður – Undirmat II, fasteignamat (1916-1918). Nr. 205, bls. 26. Sótt af heimasíðu Þjóðskjalasafns Íslands www.heimildir.is

Netsíður:

Lög um menningarminjar sótt á heimasíðu Alþingis.

Sótt af: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Náttúrufræðistofnun – Loftmyndasjá.

Sótt af: <https://loftmyndasja.lmi.is/mapview/-?application=loftmyndasja>

Fylgiskjöl

3465_Fornleifaskráning í landi Miðfjarðarnessels

Auðkenni	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Ástand	Hætta	Austun	Norðun
3465-001	Miðfjarðarnesse	híbýli	heimild	1818-1990	sést ekki	vegna skógræktar	675905	620880
3465-002		fjárhús	heimild	1900-1990	sést ekki	vegna skógræktar	675923	620870
3465-003		vatnsveita	niðurgröftur	1900-1990	vel greinanlegar	vegna skógræktar	675872	620894
3465-004		framræsla	niðurgröftur	1900-1990	vel greinanlegar	vegna skógræktar	675950	620841
3465-005		brú	tréverk	1818-1950	greinanlegar	vegna skógræktar	675938	620873
3465-006	Eiríksstaðir	útihús	tóft	1818-1950	vel greinanlegar	vegna skógræktar	675929	620891
3465-007		mylla	tóft	1800-1950	vel greinanlegar	vegna skógræktar	675793	620920
3465-008		mylla	tóft	1800-1950	vel greinanlegar	vegna skógræktar	675815	620910
3465-009		óþekkt	niðurgröftur	1900-1950	greinanlegar	vegna skógræktar	675804	620921
3465-010		óþekkt	tóft	1900-1950	vel greinanlegar	vegna skógræktar	675864	620889
3465-011		mógrafir	niðurgröftur	1700-1950	vel greinanlegar	vegna skógræktar	675862	620923
3465-012		mógrafir	niðurgröftur	1700-1950	vel greinanlegar	vegna skógræktar	675902	621008
3465-013		mógeymsla	tóft	1800-1950	vel greinanlegar	vegna skógræktar	675898	620999
3465-014		útihús	tóft	1900-1990	vel greinanlegar	vegna skógræktar	676008	620973
3465-015		framræsla	niðurgröftur	1900-1990	vel greinanlegar	vegna skógræktar	676003	620983
3465-016		óþekkt	tóft	1818-1950	vel greinanleg	vegna skógræktar	675971	620706
3465-017		fjárhús, hlaða	tóft	1818-1956	greinanlegar	vegna skógræktar	676037	620701
3465-018		vegur	leið	1818-1960	greinanlegar	vegna skógræktar	676245	620864
3465-019		girðing	hleðsla	1900-1990	vel greinanlegar	vegna skógræktar	676332	620889
3465-020		girðing, rétt	hleðsla	1916-1990	vel greinanlegar	vegna skógræktar	676309	621079
3465-021		mógröf	niðurgröftur	1700-1950	vel greinanlegar	vegna skógræktar	676329	621287
3465-022		brú	hleðsla, steinsteypa	1916-1980	vel greinanlegar	vegna skógræktar	676454	621265
3465-023		mógröf	niðurgröftur	1800-1940	vel greinanlegar	vegna skógræktar	676559	621465
3465-024		grunnur?	hleðsla	1900-1980	vel greinanlegar	vegna skógræktar	676859	621828
3465-025		varða, refagildra?	hleðsla	1916-1980	vel greinanlegar	vegna skógræktar	675611	622310
3465-026		óþekkt, smalakofi	tóft	1916-1981	vel greinanlegar	vegna skógræktar	675662	622222
3465-027		heygeymsla	tóft	1916-1982	vel greinanlegar	vegna skógræktar	675422	621529
3465-028		heygeymsla	tóft	1916-1983	vel greinanlegar	vegna skógræktar	675409	621536
3465-029		girðing	hleðsla	1916-1984	vel greinanlegar	engin hætta	675813	620848
3465-030		heyttóft	tóft	1800-1930	vel greinanlegar	engin hætta	675814	620864
3465-031		leið	vegur, hleðsla	1900-1960	vel greinanlegur	engin hætta	675799	620868
3465-032		óþekkt	púst	1800-1900	greinanlegar	engin hætta	675797	620783
3465-033		smalakofi	tóft	1800-1920	greinanlegar	engin hætta	675580	620640
3465-034		smalakofi	tóft	1800-1920	vel greinanlegar	engin hætta	675590	620638
3465-035		heyttóft	tóft	1818-1950	greinanlegar	engin hætta	675388	620685

3465_Fornleifaskráning í landi Miðfjarðarnessels

Auðkenni	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Ástand	Hætta	Austun	Norðun
3465-036		heyttóft	tóft	1818-1951	vel greinanlegar	engin hætta	675066	620764
3465-037		kennimark	varða	1800-1900	heillegar	engin hætta	674607	620671
3465-038		stekkur	tóft	1800-1930	vel greinanlegar	engin hætta	675425	620063
3465-039		stekkur	tóft	1700-1900	vel greinanlegar	engin hætta	675197	619995
3465-040		heyttóft, mótóft	tóft	1500-1900	vel greinanlegar	engin hætta	675207	619932
3465-041		mógröf	niðurgröftur	1800-1900	vel greinanlegar	engin hætta	675101	619885
3465-042		mógröf	niðurgröftur	1800-1900	vel greinanlegar	engin hætta	675342	619844
3465-043		kennimark	varða	1800-1900	heillegar	engin hætta	674591	619283
3465-044		kennimark	varða	1800-1900	vel greinanlegar	engin hætta	674487	619087
3465-045		leið	gata	1500-1990	vel greinanlegar	engin hætta	673998	618845
3465-046		mógeymsla	tóft	1800-1950	vel greinanlegar	vegna skógræktar	676318	621273
3465-047		mógrafir	niðurgröftur	1700-1950	vel greinanlegar	vegna skógræktar	675979	620661
3465-048		torftökustaður	niðurgröftur	1700-1950	vel greinanlegar	vegna skógræktar	675816	620919
3465-049		heygeymsla	tóft	1800-1920	vel greinanlegar	vegna skógræktar	672676	618301
3465-050		heygeymsla	tóft	1800-1920	vel greinanlegar	vegna skógræktar	672648	618419
3465-051		heygeymsla	tóft	1800-1920	vel greinanlegar	vegna skógræktar	672645	618424
3465-052		fjárborg	heimild	1800-1920	sést ekki			
3465-053	Sigurðarstaðir	útiús?	heimild	1800-1950	sést ekki			
3465-054	Engjavað	vað	heimild	1800-1950				
3465-055	Bæjarvað	vað	heimild	1800-1950				
3465-056	Klapparvað	vað	heimild	1800-1950				
3465-057	Háubakkavað	vað	heimild	1800-1950				
3465-058	Álftavað	vað	heimild	1800-1950				
3465-059	Brúarfoss	brú	heimild	1816-1900	sést ekki			